

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Laugaráss og Skálholts.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Biskupstungna hefur ráðuneytið þann 7. ágúst 1996 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugaráss og Skálholts 1989-2009 frá 27. júní 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Íbúðabyggð sem gert var ráð fyrir vestan við lýðháskólann færist austur fyrir staðinn. Ennfremur er gert ráð fyrir einu íbúðarhúsi hjá Skálholtsbýlinu og öðru norðan Skálholtsbúða.

2. Svæði opinberra stofnana stækkar í norður og vestur.

3. Svæði undir sumar- og orlofsbúðir stækkar í suður og vestur.

4. Svæði austan staðarins sem gert var ráð fyrir að yrði opið og óbyggt verður að grænu svæði til ákveðinna nota.

5. Gert er ráð fyrir reiðstíg meðfram þjóðvegi og að Skálholtsbýli og hestagirðingu við Skálholtsveg austan við býlið.

6. Eina aðkoman að Skálholti verður frá afleggjara um 500 m norðan staðarins. Ennfremur eru fyrirhugaðar breytingar á vegakerfi í samræmi við breytta landnotkun.

Skipulagsuppráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki hreppsnefndar Biskupstungnahrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 7. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 7. ágúst 1996, staðfest breytingar á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Landnotkun á lóðinni Reykjamörk 2c er breytt úr íbúðabyggð í blandaða landnotkun íbúða, verslunar og þjónustu. Ennfremur er landnotkun á lóðinni Austurmörk 23 breytt úr stofnun í blandaða notkun stofnana, verslunar og þjónustu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 7. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.